

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 31. maí 2021  
UST202105-279/B.S.  
10.04.02

### **Efni: Aðalskipulag - efnistökusvæði við Skálpanesveg. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs. dags. 25. maí sl. þar sem ósakð er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi sem feslt í því að settar eru á skipulag tvær námur við Skálpanesveg sem liggur af Kjalvegi á Bláfellshálsi að skála í Skálpanesi. Námurnar verða nýttar til viðhalds Skálpanesvegi og er ráðgert að taka allt að 20.000 m<sup>3</sup> úr annarri námunni en 5.000 m<sup>3</sup> úr hinni.


Í greinargerð eru sett fram eftirfarandi skilyrði um umgengni og frágang efnistökusvæða:

- *Gerð er krafa um góða umgengni, skipulögð vinnubrögð og snyrtilegan frágang að vinnslu lokinni.*
- *Við frágang efnistökusvæða verði leitast við að raskað svæði verði sem líkast aðliggjandi landi varðandi landslag og gróðurfar.*
- *Áhersla er á að gengið verði frá hverju efnistökusvæði strax að efnistöku lokinni.*

Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að gerðar eru slíkar kröfur sérstaklega á ferðamannaleiðum þar sem sjónræn áhrif geta verið helstu neikvæð áhrif efnistöku og sérstaklega mikilvægt að minnka þau áhrif eins og kostur er. Því telur stofnunin mikilvægt að þessar kröfur rati í framkvæmdaleyfi þegar þar að kemur. Ef slík vinnubrögð verða viðhöfð við efnistöku má ætla að áhrif hennar verði óveruleg.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við breytinguna.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur